Innri endurskoðun
og ráðgjöf

Reykjavík, 30. október 2026
IER26020019
IÓ/SM/KHV

Endurskoðunarnefnd
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Niðurstöður eftirfylgni IER á Innkaup og samningsstjórnun

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) hefur lokið eftirfylgni á *Innkaup og samningsstjórnun*, en verkefnið er á innri endurskoðunaráætlun A-hluta á árinu 2026.

Í júní 2022 kynnti IER fyrir endurskoðunarnefnd niðurstöður úttektarinnar *Innkaup og samningsstjórnun*, málsnúmer IE20110004. Markmið úttektarinnar var að kanna fylgni við lög um opinber innkaup, samþykktir innkaupa- og framkvæmdaráðs, innkaupastefnu og reglur Reykjavíkurborgar sem taka til undirbúnings innkaupa á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum og samningsstjórnunar. Verkefnið var á innri endurskoðunaráætlun fyrir starfsárið 2020, sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd 6. janúar 2020, en var frestað til ársins 2021.

Í skýrslunni voru settar fram sjö ábendingar og þrjár tillögur. Fimm ábendingar voru metnar í áhættuflokk „nokkur áhætta“ og tvær í áhættuflokk „lítil áhætta“.

Meginniðurstaða eftirfylgninnar er að stjórnendur hafa brugðist við einni ábendingu af sjö sem settar voru fram í skýrslu IER í júní árið 2022 og henni lokað.

Niðurstöður úttektarinnar óskast kynntar á næsta fundi endurskoðunarnefndar.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:
Innkaup og samningsstjórnun – eftirfylgni, dags. 3. nóvember 2026